

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 15. október 2008

Staða gjaldeyrismála og upplýsingaskjal handa erlendum hagsmunaaðilum

Lítið hefur breyst hvað varðar erlendar greiðsur síðan gær. Bankarnir geta ennþá ekki afgreitt slíkar beiðnir nema í sérstökum undantekningartilfellum skv. tilmælum Seðlabankans. Temprun gjaldeyrisútlæðis er því enn við lýði og nýtt uppboðsfyrirkomulag Seðlabankans breytir þar engu um.

Ljóst er að þetta kemur sér illa fyrir innlenda aðila sem ekki geta staðið í skilum við erlenda viðskiptamenn. Viðskiptaráð hefur því útbúið skjal sem aðildarfélög geta notfært sér við að útskýra stöðu mála gagnvart erlendum hagsmunaaðilum. Í skjalinu er gerð grein fyrir núverandi stöðu gjaldeyrisviðskipta á Íslandi og fjallað um þær takmarkanir sem þau lúta. Vonast er til þess að skjal þetta liði fyrir viðskiptum við erlenda aðila og hjálpi til við að varðveita verðmæt viðskiptasambönd. Skjalið er á ensku og það má nálgast [hér](#).

Vaxtalækkun Seðlabanka

Seðlabanki Íslands lækkaði stýrivexti um 350 punkta í morgun og standa þeir nú í 12%. Viðskiptaráð fagnar þessari aðgerð, enda hefur ráðið lengi talið vaxtalækkun vera eitt helsta hagsmunamál íslenskra fyrirtækja og heimila. Nú þegar við blasir samdráttur og aukið atvinnuleysi er ljóst að háir stýrivextir Seðlabanka þjóna takmörkuðum tilgangi.

Næsti reglulegi vaxtaákvörðunarfundur Seðlabankans er 6. nóvember og telur Viðskiptaráð rétt að vextir verði lækkaðir enn frekar, enda fullt svigrúm til þess m.v. núverandi aðstæður.

Sveigjanleiki í viðurlögum vegna vanskila á staðgreiðslu opinberra gjalda

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti verður viðurlögum vegna vanskila á staðgreiðslu þeirra opinberra gjalda sem eru á gjalddaga í dag ekki beitt í viku frá deginum í dag. Með öðrum orðum þá hafa fyrirtæki viku viðbótarfrest til að skila vörslusköttum. Þessar aðgerðir eru meðal þeirra tillagna sem samstarfshópur SA, Viðskiptaráðs og verkalýðsförystunnar hafa lagt fyrir stjórnvöld.

Tilkynninguna í heild sinni má lesa [hér](#).